

Stjórnarfundur 1 miðvikudaginn 27. maí 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Árni Jón Eggertsson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Allir mættu

Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar og skipan í nefndir
- Smáþjóðaleikar
- Mótamál – ákvörðun þáttökugjalds o.fl. (rafræn leikskýrsla t.d.)
- Eftirvinnsla ársþings, skipa í nefndir: Laganefnd, fjárhagsnefnd, vinnuhóp um afreksstefnu og yngriflokka.
- Önnur mál

Fundargerð

Verkaskipting stjórnar og skipan í nefndir

- Jason Ívarsson, formaður gerði það að tillögu að Stefán Jóhannesson verði áfram varaformaður, Árni Jón Eggertsson verði gjaldkeri, Hrafnhildur Theódórsdóttir verði ritari og Kristján Geir Guðmundsson verði meðstjórnandi. Samþykkt.
- Landsliðsnefnd: Stefán Jóhannesson
- Mótanefnd: Sigurbjörn Árni Arngrímsson
- Yngriflokkanefnd: Guðrún Kristín Einarsdóttir
- Aganefnd: Hreggviður Norðdahl, Jón Gunnar Sveinsson og Þorvaldur Sigurðsson
- Strandblaknefnd: Rögnvaldur Johnsen og Jóhannes Egilsson ásamt Sigurði Árnasyni.
- Laganefnd var stofnuð. Í henni munu Jason Ívarsson starfa ásamt Hreggviði Norðdahl og Birni Guðbjörnssyni. Hlutverk nefndarinnar er að endurskoða lög og reglugerðir og eftirvinnslu frá ársþingi t.d. um leikmannasamninga.
- Fræðslunefnd var stofnuð. Í henni munu Steinn og Árni Jón starfa ásamt fleirum úr hreyfingunni. Hlutverk nefndarinnar er að tækla fyrst og fremst afreksstefnu BLÍ, menntakerfi fyrir þjálfara og búa til kerfi til hæfileikamótunar unglinga. Þetta mun vera vinnuhópur fyrir afrekshópa yngri leikmanna í blaki. Skoða sérstaklega upplýsingabáttinn, heimasíðan, Facebook o.s.frv.
- Fjárhagsnefnd stofnuð. Hlutverk hennar er að auka tekjur sambandsins markvisst. Allt sem um ræðir kostar pening. Töluverð umræða átti sér stað um hvernig best sé að huga að þessum málum og því var nefndin sett á laggirnar. Hrafnhildur Theódórsdóttir tekur að sér að sitja í nefndinni frá stjórninni og ræddi strax að það ætti að auglýsa eftir fólki í nefndir á vegum sambandsins.
- Tekið var eftir því að inn í þennan lið datt dagskrárliðurinn Eftirvinnsla ársþings.

Smáþjóðaleikar

- Sævar gerði grein fyrir því hvernig gangi að undirbúa Smáþjóðaleika. Lögð er áhersla á að hafa næga sjálfbóðaliða með okkur í þessu, og þá helst í lykilhutverkum sem sjá um að skipuleggja þau störf sem þarf að inna af hendi við hvern leik. Allt gengur að óskum hvað varðar Smáþjóðaleikana og ÍSÍ stendur sig vel sem mótshaldari.

Mótamál

- ✓ Þáttökugjöld voru rædd sérstaklega og greiðslur til dómara. Þá kom til kastanna umræða um rafræna leikskýrslu og upptöku á þeim þætti. Fyrir liggur tilboð frá DataProject og myndaðist líflæg umræða.

- ✓ Árni Jón telur það til bóta að taka upp rafræna leikskýrslu. Það felur þó í sér mikinn kostnað sem þýðir að mótagjöldin hækka á milli ára. Árni Jón tekur að sér að skoða þetta vel og gera tillögu að mótagjöldum í öllum deildum fyrir næsta stjórnarfund.
- ✓ Ákveðið var á fundinum að taka upp rafræna leikskýrslu með gagnagrunni og tölfræðihlutanum.

Önnur mál

- ✓ Stefán sagði frá því á fundinum hvað sé framundan hjá landsliðunum eftir smáþjóðaleika. Það sé komið inn bréf vegna undankeppni HM og m.v. síðast þegar liðin tóku þátt þá ættum við að skrá liðin til keppni. Var það samþykkt á fundinum.
- ✓ Upp kom tillaga um að stjórn BLÍ myndi funda reglulegar en verið hefur undanfarin ár. Það ætti að miða við ákveðinn tíma mánaðarins en ekki bara þegar efni gefst til. Þannig ná stjórnarmenn að skipuleggja sig fram í tímann.
- ✓ Næsti fundur boðaður 18. júní nk. Fyrir þann tíma ætti mótanefnd að hafa klárað niðurröðun í deildir fyrir næsta leiktímabil.
- ✓ Afreksbúðir BLÍ í ágúst. YFN og landsliðsnefnd hafa sammælt um helgi í ágúst. Frábært að skipuleggja það í tíma.
- ✓ Vandamál með sameiginleg lið. Þjössu setur upp viðmiðunarreglur hvað efnið varðar til að senda út á félögin fyrir deildakeppni.
- ✓ Bréf frá Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur v/gólfsins að Varmá. Hrafnhildur hefur skrifað upp bréf frá stjórn, bréfið lesið upp og rætt. Ákveðið að laga bréfið til aðeins og senda það síðan frá stjórn BLÍ til Aftureldingar.
- ✓ Hugmyndir frá Hrafnhildi sem bárust í tölvupósti góðar, mikilvægt innlegg í umræðuna og þarf að skoða framkvæmdina á þeim hlutum.
- ✓ Stefnumótun sambandsins er nauðsynleg með framtíðina í huga.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18:55

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð